


# Skólanámskrá

## 2024 – 2025



Nám og kennsla  
4. bekkur

Umsjónarkennarar  
Anika Rós Guðjónsdóttir  
Guðmundu Guðlaug Sveinsdóttir

## **Efnisyfirlit**

Bakgrunnsupplysingar.....	3
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 4. bekk.....	3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla .....	3
Námsmat.....	4
Lykilhæfni .....	4
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi .....	4
Íslenska.....	5
Stærðfræði .....	6
Samfélagsgreinar .....	7
Náttúrugreinar .....	9
Enska .....	10
Heimilisfræði.....	11
Hönnun og smíði .....	11
Myndlist .....	13
Textílmennt .....	14
Upplýsinga- og tæknimennt .....	15
Skólaíþróttir.....	15
Fjölval Smiðjur, val og listir.....	17
Tónmennt .....	17

## Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 4. bekkjar eru Anika Rós Guðjónsdóttir og Guðmunda Guðlaug Sveinsdóttir. Þriðji kennari er Hera Sigrún Ásbjarnardóttir. Heimastofur eru 201 og 202. Stuðningsfulltrúar eru Ásdís Björk Þorvaldsdóttir og Tanja Marín Unnarsdóttir. Kennslustundir eru 30 á viku.

### Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Hera Sigrún Ásbjarnardóttir.
- Sund – Helga Hafsteinsdóttir og Heiðrún Rós Þórðardóttir.
- Heimilisfræði – Guðlaug Sveinsdóttir
- Textílmennt – Berglind Richardsdóttir
- Hönnun og smíði – Valbjörg Ómarsdóttir
- Myndlist – Helena María Guttesen

## Viðmiðunarstundaskrá fyrir 4. bekk

- Íslenska – 6 kennslustundir
- Stærðfræði – 4 kennslustundir
- Samfélagsgreinar – 3 kennslustundir
- Náttúrufræðigreinar – 2 kennslustundir
- Enska – 1 kennslustund
- Íþróttir/sund – 3 kennslustundir
- List- og verkgreinar – 4 kennslustundir
- Upplýsingar- og tæknimennt – 2 kennslustund
- Tónmennt – 1 kennslustund
- Listir og val – 2 kennslustundir
- Fjölval – 2 kennslustundir

*Samtals: 30 stundir á viku*

## Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stíganda í lærisnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálgast má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.

90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
80	120	145

Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lesfimi er metið í september/janúar/maí (tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla.

## Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.

- Ólokið, ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
- Hæfni ekki náð, ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
- Þarfnaðar þjálfunar, ef nemandi þarfnaðar frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- Á góðri leið, ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- Hæfni náð, ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- Framúrskarandi, ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

## Lykilhæfni

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

## Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 4. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, samskipti, synjun og samningafærni, kyn og æxlunarfæri, örugg notkun upplýsinga og venjur og áhrif jafningja.

## Íslenska

### Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 1.-4. bekk í fjóra þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltaekum gagnabrunnum, svo sem bókum og árafrænu formi.	Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.	Beitt töluluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hafir þroska.	Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.
Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.	Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.	Tjáð sig með aðstoð leikrannar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.	

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestar verði lipur og skýr.	Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tilteik hjálparögum við hæfi.	Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.	Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.	Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.	Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.	Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.	Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tólu.
Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð bönum.	Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.	Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.	Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.	Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.	Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.	Skrifað texta á tólvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.
Þekkt og fundið helstu einingar málssins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.	Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánæguju.		

### Kennsluefni og kennslugögn

- Skinna I (ljósrit), Málsgreinar og mas, Lesrún 2, Skrift 4, skriftarbók og lestrarbækur með eða án vinnubóka.
- Litla upplestrarképpnin - ljóð og sögur.
- Ítarefni: Málrækt 1, Ritum rétt og Stafsetning (gagnvirkar æfingar), Ítalíuskrift, ýmis ljósrit og efni frá kennurum og forrit í tólvu/spjaldtölvu.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

- Mikilvægt að nota fjölbreytta kennsluhætti til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp. Notast við m.a. að nota beina kennslu (innlagnir), sýnikennslu, endurtekna þjálfun, hópavinnu, leiki, stöðvavinnu, útikennslu og umræður.
- Námsaðlögun getur átt við hvort sem er í kennsluháttum og í aðlögun á námsefni. Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara og einstaklingsinnlagnir.

## Námsmat

- Lesfimi** - prófað þrisvar á skólaárinu, metin eru lesin orð á mínu. Við lok 4. bekkjar eiga nemendur að hafa náð 80 – 145 orðum á mínu.
- Matsrammi í lesfimi** - skiptist í fjóra þætti: tjáning, sjálfvirkni lestrar eða leshraða, hljómfall og hendingar og flæði.
- Lesskilningur** - kannad þrisvar sinnum á skólaárinu. Í október er leiðsagnarmat og í janúar og apríl er námsmat. Meðaltal úr prófum frá janúar og apríl fer á vitnisburð.
- Málfræði** - leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólaárið, metið í hæfniviðmiðum með fimm tákna kvarða.

## Stærðfræði

### Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í sjö flokka. Prír flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiing stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningar; rúmfræði og mælingar og tölfræði. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdaaðarslu annarra.	Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.	Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgáтур og gera tilraunir með ápreifanlegum gögnum.	Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarrekningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
Áætlað og mælt ólika mælieiginleika, s.s. lengd, flót, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.	Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.		

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.	Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.	Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknumáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.	Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölur, til rannsókná á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengi þau við daglegt mál.	Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.	Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.	Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggð er á hugmyndum nemenda.
Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.	Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.	Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.	Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamystrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.
Notað hugtök úr umræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.	Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.	Unnið með mælikvarða og lögum.	Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.			

## Kennsluefni og kennslugögn

- Sproti 4a og 4b - nemendabók og æfingahæfti og Stærðfræðispærjarar 3.
- Ítarefni: Ljósrit, stærðfræðiforrit í tölvu og spjaldtölvu og spil.

## Kennsluhættir og námsaðlögun

- Mikilvægt að nota fjölbreytta kennsluhætti til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp. Notast við m.a. að nota beina kennslu (innlagnir), sýnikennslu, endurtekna þjálfun, hópavinnu, leiki, stöðvavinnu, útikennslu og umræður.
- Námsaðlögun getur átt við hvort sem er í kennsluháttum og í aðlögun á námsefni. Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara og einstaklingsinnlagnir.

## Námsmat

- Lotukannanir jafnt og þétt yfir skólaárið. Merkt er inn á hæfnikort nemenda á Mentor.

## Samfélagsgreinar

### Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokk: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmýnd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagsheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Áttar sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.	Bent á tengsl valinna þáttu í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélagini.	Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum pess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.	Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.
Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.	Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.		

*Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum*

Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.	Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.	Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, síðum og venjum.	Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
Áttað sig á mikilvæg fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.	Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.	Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.	Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.	Bent á fyrirmyn dir sem hafa áhrif á hann.	Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.	Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.	Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.	Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.	Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.	Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.	Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélagini og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og pekkt til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Rætt um valin samfélagsleg og síðferðileg malefni.
Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátfóum og síðum kristni og annara trúarbragða, einkum í nærsamfélagini. Sagt frá atburum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélagini.	Sagt frá einkennum og sögu heimabýggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.	Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, síðum og venjum.	Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.
Sett sig inn í malefni nærsamfélagsins.	Sett sig í spor annarra jafnaldra.	Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.	Sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.	Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.	Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.	Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.
Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.			

### *Kennsluefni og kennslugögn*

- Halló heimur 2, Halló heimur 3, Trúarbrögðin okkar, Spor 4, Þekktu réttindi þín, félagsfærni og Hugarfrelsi.
- Lífið fyrr og nú – kennsluefni um landnámið.
- Ítarefni: Komdu og skoðaðu landnám og Komdu og skoðaðu sögu mannkyns

### *Kennsluhættir og námsaðlögun*

- Umræður, hópa-, para- og einstaklingsvinna hópaverkefni, einstaklingsverkefni, samræðuverkefni.

### *Námsmat*

- Ekkert námsmat.

## Náttúrugreinar

### Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í two þætti; verklag og viðfangsefni. Þættir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.	Gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita.	Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samsílinu við hana.	Í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúrvísindum.
Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.	Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.	Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólkis.	Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitasígi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitasig og líkamann og tengt hitasígi við daglegt líf. Notað einföld hugtök úr náttúrvísindum í textaskrifum.
Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.	Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu líffi, einn og með öðrum.	Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samsíli náttúru og manns.	Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum.
Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við Á Íslandi og hvar þær verða.	Sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla.	Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.	Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.	Úskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dænum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi.	Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.	

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Flokkad gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.	Flokkad úrgang.	Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.	Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.
Unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólkis, fundið lausn, hannað afurð.			

## Kennsluefni og kennslugögn

- Halló heimur 2, Halló heimur 3, Komdu og skoðaðu fjöllin og Komdu og skoðaðu Hringrásina.
- Ítarefni: Í sveitinni með Æsu og Gauta, Komdu og skoðaðu eldgos

## Kennsluhættir og námsaðlögun

- Umræður, hópavinnna og einstaklingsvinna

## Námsmat

- Ekkert námsmat.

## Enska

### Hæfniviðmið

Enskukunnáttu veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál. Nemendur kynnast ensku og læra undirstöðuatriði einfaldrar málfræði. Ásamt því að skilja einföld hugtök tungumálsins með því að tala, hlusta og skrifa.

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.	Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækiferi til að aðfa.	Fylgt þraði í aðgengilegu fjlmiðlaefni og efni daegurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.	Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.
Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.	Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, vefordasófn, leiðréttigarforrit og leitarvélar.	Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.fr.	Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.
Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.	Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.		

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.	Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.fr.	Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnnavinnu.	Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi daegurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglings og greint frá bví helstu.
Fylgt meginþraði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.	Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fraðsluefni fyrir börn og unglingu og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.	Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.	Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og ritu.	Skilið það mál sem notað er í kennlustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.	Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.	Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.
Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.	Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.	Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.	Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

### Kennsluefni og kennslugögn

- Yes we can 3 og 4, ljósritað efni úr Speak Out og Work Out.
- Ítarefni: Hickory og önnur fjölbreytt verkefni (ljósrit og gagnvirt efni). Verkefni tekin af vefsíðunni [www.twinkl.co.uk](http://www.twinkl.co.uk).

### Kennsluhættir og námsaðlögun

- Færniþættirnir fjórir, hlustun, tal, lestur og ritun eru þjálfadír með samræðum, verkefnavinnu einstaklings- og hópavinnu, leikjum og spilum.
- Námsaðlögun getur átt við hvort sem er í kennsluháttum og í aðlögun á námsefni. Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara og einstaklingsinnlagnir.

### Námsmat

- Leiðsagnarmat þar sem metin eru verkefni og kannanir; hlustun, samtal við kennara á ensku og orðaforði.

## Heimilisfræði

### Hæfniviðmið

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. Bekk

Gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans.	Lagt mat á eigin verk.	Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.	Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.
Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.			

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.	Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsahöld.	Fjallað á einfaldan hátt um þetti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín.	Gengið frá eftir vinnu sína.
Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.	Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.	Skilið einfaldar umbúðamerkingar.	Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við bordhald, helstu hátiðir Íslendinga, síði sem þeim fylgja og bióðlegan mat.	Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.	Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.	Unnið einföld verkefni í hópi.
Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltaðir.	Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið.	Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.	

### Kennsluefni og kennslugögn

- Heimilisfræði 4 ásamt ljósrituðu efni frá kennara.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari og eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa að halda. Unnið er bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu. Bæði verklega og bóklega.

### Námsmat

- Nemandinn er metin út frá frammistöðu í tínum bæði bóklegrí og verklegri.

## Hönnun og smíði

### Hæfniviðmið

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa móttandi áhrif á umhverfi sitt.

**Skólanámskrá Njarðvíkurskóla 2024 – 2025**  
**Nám og kennsla – 4. bekkur**



**Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk**

Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín.	Gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans.	Sagt frá orkugjöfum sem nota má í smiðaverkefnum og nýtt virknipætti í smiðisgrípum, s.s. vogarafl, gorma og tevgjur.	Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
--	---	---	---

**Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum**

Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.	Bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi.	Dregið einfaldala skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.	Framkvæmt einfaldar samsetningar.
Gengið frá eftir vinnu sína.	Gert grein fyrir nokkrum smiðaefnum sem unnið er með.	Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.	Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.
Lagt mat á eigin verk.	Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.	Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.	Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
Unnið einföld verkefni í hópi.	Unnið einföld verkefni í hópi.	Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið.	Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.

**Kennsluefni og kennslugögn**

- Efni af vef, handbækur og blöð.

**Kennsluhættir og námsaðlögun**

- Fyrirlestur/innlögn í upphafi annar.
- Sýnikennsla (einstaklings-/hópkennsla) sem á sér stað yfir alla önnina og tekur mið af því hvernig verkefni og vinna nemenda þróast hverju sinni.
- Einstaklingskennsla með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð.
- Samvinnunám þar sem nemendur eru með hvatningu styrktir til að aðstoða hvern annan, hlusta og skiptast á skoðunum.
- Umræður er stór þáttur í allri hugmyndasköpun, skipst er á skoðunum og leiðir kennari nemendur í gegnum umræður sem einkennast af gagnrýnni hugsun.
- Áhersla er lögð á virðingu, ábyrgð og vinsemd.

**Námsmat**

- Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda. Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.
- Áhugi og virkni verður metin:
  - Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
  - Hæfni náð - Mjög oft áhugasamur og virkur í kennslustund
  - Á góðri leið - Er oftast áhugasamur og virkur í kennslustund
  - Parfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund

## Myndlist

### Hæfniviðmið

Í myndlist læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

#### *Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk*

Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín.	Gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans.	Lagt mat á eigin verk.	Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið.
Pekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun	Pekkt og notað hugtök og heiti sem tengast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.		

#### *Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum*

Fjallað um eigin verk og annarra.	Gengið frá eftir vinnu sína.	Greint að einhverju leytí á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.	Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.
Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.	Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.	Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.	Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.
Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.	Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.	Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.	Unnið einföld verkefni í hópi.
Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.	Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.		

### Kennsluefni og kennslugögn

- Lesefni:* The Usborne Book of Art Skills, Art in Action, Listasaga, Frá Hellalist til 1900.
- Efni á netinu:* Mrs. Brown art lessons, National Gallery of art og Tate Kids.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

- Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna, teikning og málun. Verkefnagerð er með hliðsjón af einstaklingsbundnum þörfum þeirra og getu.

### Námsmat

- Símat kennara á vinnu nemenda: Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppyggilega umsögn til nemandans.
- Fullklárað lokaverkefni sem uppfyllir markmið vetrarins.  
Ábyrgð á umhverfi: Nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni.

- Ferilmöppur: Veita nemendum tækifæri til að sýna fram á hugsanir sínar með skisum, myndverkum og glósum til viðbragðs við nýjum hugtökum sem farið er hugsanlega yfir í tínum.

## Textílmennt

### Hæfniviðmið

Textílmennt þjálfar nemendur í fínhreyfingum, samvinnu og eflir þolinmæði, þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustaðinn og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

#### *Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk*

Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.			
---	--	--	--

#### *Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum*

Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.	Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.	Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.	Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.
Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.	Sagt frá nokkrum tegundum textilefna.	Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.	Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.	Unnið úr nokkrum gerðum textilefna.		

### Kennsluefni og kennslugögn

- Ljósrit, bækur, netið og tímarit.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

- Bein kennsla, upplifun og umræður, sköpun og lausnar leitarnám – áhersla á hekl. Nemendur læra fastahekl sem grunn og ýmsa stuðla ef þau komast lengra eins og hálfstuðul, tvöfaldan hring, þrefaldan hring og ömmudúllu.
- Þeir nemendur sem klára verkefnið fyrr fá aukaverkefni.
- Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.

### Námsmat

- Nemandinn er metin út frá verklegum einstaklingsverkefnum. Einnig metið út frá framkomu á stofuáhöldum, frágangi og viðmóti fyrir verkefnum og umhverfi.

## Upplýsinga- og tæknimennt

### Hæfniviðmið

Í upplýsingar- og tæknimennt eru hæfniviðmið aðalnámskrár sett fram í fimm flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun auk síðferði og öryggismál.

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.	Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.	Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.	Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.
--	---	--	-----------------------------------

#### Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.	Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.	Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um síðferðislegt gildi peirra.	Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.
Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.	Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.	Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.	Nýtt hugbúnað við einfalda vefsíði.
Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.	Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.	Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.	Unnið með heimildir.

### Kennsluefni og kennslugögn

- Chromebook og spjaldtölvur:
- Nýta vefsíðu www.mms.is með námsleikjum og rafrænu lesefni
- Nemendur læri á leitarsíður t.d. google.is
- Nemendur noti spjaldtölvur til að taka myndir
- Nemendur noti myndvinnsluforrit
- Fræðsla um netnotkun og neteinelti
- Einföld forritun
- Nemendur nýta google sites til að lærar að búa til sína eigin vefsíðu.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

- Sýnikennsla og sjálfstæð vinna.

### Námsmat

- Ekkert námsmat.

## Skólaíþróttir

### Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

*Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk*

Sót og unnið úr einföldum upplýsingum varðandi íþróttir.			
--	--	--	--

*Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum*

Gert æfingar sem reyna á þol.	Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.	Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.	Gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi.
Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.	Kafað, velt sér af kvið á bak og ófugt og tekið þátt í leikjum í vatni.	Notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegrí áreynslu.	Sett sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.
Skilið skipulagshugtök í skólaþróttum og farið eftir leikreglum.	Skyrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.	Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.	Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.	Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.	Tekið þátt í stöðluðum prófum.	Tekið þátt í útvist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hiðlaleiðir nærumhverfis.
Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.	Útskyrt líkamlegan mun á kynjum.	Þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga.	

*Kennsluefni og kennslugögn*

- Öll áhöld íþróttahús og sundlaugar

*Kennsluhættir og námsaðlögun*

- Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu.
- Para/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum. Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið eða hópa í hreyfileikjum eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun.
- Nemendur sem eru með slakari færni fá fleiri endurtekningar og æfingar brotnar meira niður. Nemendur sem eru með hafa betri færni fá flóknari æfingar og fara lengri vegalengdir.

*Námsmat*

Íþróttir – metin verður hæfni með: *Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnað þjálfunar og hæfni ekki náð.*

- Hæfni í eftirfarandi verklegum þáttum verður metin: Hlaupapróf, sipp, liðleiki, jafnvægi, kollhnís, langstökk án atrennu, kasta bolta og grípa grjónapoka.
- Áhugi og virkni verður metin:
  - Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
  - Hæfni náð - Mjög oft áhugasamur og virkur í kennslustund
  - Á góðri leið - Er oftast áhugasamur og virkur í kennslustund
  - Þarfnað þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund

*Sund - nemendur fá einkunn: Lokið – Ólokið*

- Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti fimm af sex hæfnipáttum í verklegum prófum til að ná 4. sundstigi.

1. 25 m bringusund
2. 15 m skólabaksund
3. 12 m skriðsund með eða án hjálpartækja
4. 12 m baksund með eða án hjálpartækja
5. Flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja
6. Stunga úr kropstöðu af bakka eða stiga
7. Áhugi og virkni

## Fjölval Smiðjur, val og listir

### Hæfniviðmið

- Nemendum á yngsta stigi er skipt í hópa þvert á árganga í fjölvali. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Í listum og vali er árgangurinn hjá sínum umsjónarkennurum. Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum lista skipt í sköpun, samskipti, menningu og umhverfi. Námsgreinin er bæði kennd aðgreind en einnig er leitast við að samþætta við aðrar námsgreinar.

### Kennsluefni og kennslugögn

- Fjölbreytt og breytilegt eftir kennara, stöð og viðfangsefni hverju sinni.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

- Stöðvarnar eru ólíkar og því eru kennsluhættir margvíslegir. Kennsluhættir eru til dæmis tjáning, hópavinna, spil, leikir, útinám, vettvangsferðir, sýnikennsla og uppgötunarnám.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í vali og listum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

### Námsmat

- Ekkert námsmat.

## Tónmennt

### Hæfniviðmið

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumpáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljóum, túlkun og formi til að nemendur geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, gert sér grein fyrir gildi og notið hennar. Tónlist er tengd öllu skólastarfi og því samþætt við aðrar námsgreinar.

### Kennsluefni og kennslugögn

- Tónlist og tíminn.
- Ítarefni: Ýmsar vefsíður og [www.youtube.com](http://www.youtube.com) - tónlistarstefnur, tónlistarmenn, tónskáld, bæði íslenskt og erlent, og hljóðfæri.

### Kennsluhættir og námsaðlögun



- Umræður, hlustun, hópa- og einstaklingsvinna, leikir og söngur.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

### ***Námsmat***

- Ekkert námsmat.